

FULLTRÚARÁÐ EIGNARHALDSFÉLAGSINS BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Fundargerð.

18. aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn á Berjaya Hótel Natura Reykjavík föstudaginn 6. október 2023 kl. 10.30.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning.

Björn Ingimarsson stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa aðalfundar fulltrúaráðsins. Í upphafi máls síns lýsti stjórnarformaður fundinn lögmætan sbr. 17. gr. samþykktu EBÍ og gerði það að tillögu sinni að Guðmundur Baldvin Guðmundsson yrði fundarstjóri og Anna Sigurðardóttir ritari. Samþykktu fundarmenn þessa tillögu.

Þá tók Guðmundur Baldvin Guðmundsson við stjórn fundarins. Þakkaði fundarstjóri traustið og lagði fram tillögu að uppstillingarnefnd: Margrét Friðriksdóttir fráfarandi stjórnarmaður, formaður Ása Helgadóttir fráfarandi stjórnarmaður og Eiríkur Ólafsson, Borgarbyggð. Var þessi tillaga samþykkt.

Gengið var til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar

Björn Ingimarsson fór yfir störf stjórnarinnar sl. 4 ár. Í máli hans kom fram m.a. að stjórn hefði fundað reglulega 6 sinnum á ári og að aukafundur fulltrúaráðs hefði verið haldinn á Teams 5. nóvember 2021. Á kjörtímabilinu hefur stjórnin m.a. endurskoðað starfsreglur stjórnar og árlega er fjárfestingarstefnan endurmetin, Þá kom hann inn á ýmis málefni tengd sveitarfélögunum s.s. útgreiðslu ágóðahlutar til sveitarfélaganna. Björn kom jafnframt inn á að félagið hefur stutt við ýmis forvarnarverkefni á tímabilinu og einnig fundað reglulega með sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Í lok máls síns þakkaði hann meðstjórnendum sínum og starfsfólki félagsins gott og gefandi samstarf á undanförunum fjórum árum.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra Önnu Sigurðardóttur orðið. Í upphafi ræddi hún í stuttu máli um stofnun Brunabótafélags Íslands og lagaumhverfi EBÍ. Einnig útskýrði hún Sameignarsjóðinn og reglur um hann og hvernig hann verður í framtíðinni eign aðildarsveitarfélaganna. Í árslok 2022 var Sameignarsjóðurinn 43,92% af heildareignifé félagsins. Þá fór hún yfir rekstur félagsins árin 2021-2022 ásamt áætlun ársins 2023. Reksturinn hefur verið svipaður undanfarin ár þó sker sl. ár sig úr því þá varð mikið tap á rekstri félagsins, eða -333,2 milljónir. Ávöxtun þess árs var neikvæð um 7,46% og er það aðalástæða þessa mikla taps. Vonir standa til að rekstur þessa árs verði í jafnvægi. Heildareignir félagsins um síðustu áramót eru um 2,9 milljarðar og ríma eignirnar vel við fjárfestingastefnu félagsins.

Heildarskuldir félagsins um sl. áramót voru 1.053,9 milljónir og þar af er uppfærð lífeyrisskuldbinding 909 milljónir. Eigið fé er tæpir 1,9 milljarðar og þar af er Sameignarsjóðurinn 821 milljón.

Þá fór hún yfir þróun lífeyrisskuldbindingarinnar sem hvílir á félaginu. Kom fram að árlegar greiðslur vegna hennar fara hratt lækkandi. Þá útskýrði hún hvernig það er hagur sveitarfélaganna að horfa til lengri tíma varðandi framtíð félagsins, þ.e. að ávaxta eignina og halda áfram ágóðahlutagreiðslum til sveitarfélaganna á meðan lífeyrisskuldbindingin lækkar og Sameignarsjóðurinn stækkar. Benti hún sérstaklega á að búið er að greiða 9,0 milljarða á núvirði út úr félaginu í ágóðahlut til aðildarsveitarfélaganna.

Þá fór hún yfir málefni Styrktarsjóðs EBÍ. Sjóðurinn var stofnaður árið 1996 og síðan þá er búið að styrkja 300 verkefni fyrir samtals 109 milljónir. Nefndi hún dæmi um ýmis verkefni en þau eru m.a. á sviði menningartengdar ferðapjónustu, atvinnusköpunar og uppbyggingar ferðamannastaða.

Einnig ræddi hún forvarnarverkefni sem unnið er að hjá félaginu. Víðtækasta einstaka verkefnið er forvarnarverkefni á leikskólum með slökkviálfunum Loga og Glóð. Það verkefni er unnið á landsvísu vegna aðkomu EBÍ. Einnig fór hún yfir samstarf EBÍ og Eldvarnabandalagsins í forvarnarmálum. Þá greindi hún frá að EBÍ hefði tekið þátt í stóru samstarfsverkefni með Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun í því skyni að þróa app (Brunavörður) til að bæta eldvarnaeftirlit slökkviliðanna. Verkefnið Brunavörðurinn hefur tekist einstaklega vel og er bylting í starfi eldvarnaeftirlitsmanna. En vegna þátttöku EBÍ í því fengu öll slökkvilið landsins aðgang að hugbúnaðinum. Þá nefndi hún að heimasíða félagsins www.brunabot.is geymir mikið af upplýsingum um félagið.

Fundarstjóri gaf nú orðið laust um skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra. Enginn kvaddi sér hljóðs og var því komið að þriðja lið dagskrárinnar.

Fundarstjóri gaf Björgu Ágústsdóttur bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar orðið.

3. Erindi: Vitundarvakning um eldvarnir í Grundarfirði.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

Björg skýrði frá því að þegar Grundarfjarðarbær fór í útboð með tryggingar sveitarfélagsins og samdi við VÍS að þá hefði tryggingarfélagið haft frumkvæði að því að bjóða þeim að fara í samvinnu við Eldvarnabandalagið um 1 árs verkefni um eigið eldvarnaeftirlit í stofnunum bæjarins. Þau ákváðu að stökkva á vagninn og í því fólst m.a. að starfsmenn fengu eldvarnarfræðslu og skipaðir voru eldvarnarfulltrúar á hverjum vinnustað sem fóru yfir brunavarnir skv. gátlistum Eldvarnabandalagsins. Verkefnið teygði svo anga sína út í samfélagið í Grundarfirði og var m.a. skipt um reykskynjara í íbúðum eldri borgara í bæjarfélaginu.

Björg lýsti mikilli ánægju sinni með verkefnið og þau hafa ákveðið að halda því áfram og jafnvel að samtvinna það öðru öryggiseftirliti hjá sveitarfélaginu.

Fundarmenn gerðu góðan róm að erindi Bjargar og sköpuðust nokkrar umræður í kjölfar þess.

Nú var tekið matarhlé.

4. Erindi: Samstarfsverkefni Eldvarnabandalagsins um eigið eldvarnaeftirlit. Mikilvægi eigin eldvarnaeftirlits í sjávarútvegi. Sjónarhorn slökkviliðs og fyrirtækis.

Borgþór Freysteinnsson slökkviliðsstjóri Brunavarna Austur Skaftafellssýslu og Eik Aradóttir verkefnastjóri öryggismála hjá Skinney – Þinganes.

Eik flutti erindi sitt í gegnum fjarfundarbúnað þar sem hún komst ekki frá Höfn vegna flugvélaskorts. Í upphafi máls síns skýrði hún frá starfsemi Skinney-Þinganes sem er mjög stórt sjávarútvegsfyrirtæki með aðalstarfsemi sína á Höfn en einnig vinnslu í Þorlákshöfn. Þau ákváðu að fara í samstarfsverkefni með Eldvarnabandalaginu og Slökkviliði Brunavarna A-Skaftafellssýslu á Höfn um eigið eldvarnaeftirlit fyrirtækisins. Verkefnið var mjög umfangsmikið, enda starfa yfir 300 manns hjá fyrirtækinu. Sýndi hún fundarmönnum hvernig þau nálguðust verkefnið bæði með fræðslu, æfingum og utanumhaldi með því sem þurfti að laga. Hafa þau ákveðið að halda verkefninu áfram og þróa það betur og er m.a. næsta skref að auka öryggi í skipum félagsins og vinna að rafrænum lausnum varðandi t.d. gátlista og fl.

Erindi Eikar var mjög vel tekið og svaraði hún fyrirspurnum.

Fundarstjóri þakkaði Eik kærlega fyrir hennar fína erindi og gaf því næst Borgþóri Freysteinnssyni slökkviliðsstjóra Brunavarna Austur Skaftafellssýslu orðið.

Borgþór lýsti aðkomu slökkviliðsins að þeim samstarfsverkefnum við Eldvarnabandalagið um eigið eldvarnaeftirlit sem bæði sveitarfélagið og Skinney Þinganes tóku þátt í.

Hlutverk slökkviliðsins var stórt bæði í fræðslu til allra starfsmanna ásamt því að koma að ýmsum æfingum s.s. rýmingu og skipuleggja þær. Þá sýndi hann fundarfólki hvernig slökkviliðið tókst á við eld í nýjum lyftara í húsnæði Skinney – Þinganes. En vegna þess að búið var að bæta eldvarnir í húsinu þá varð tjónið mjög afmarkað og hafði ekki nein áhrif á rekstur fyrirtækisins.

Í lok máls síns sýndi hann myndir af nýjum slökkvibíl sem slökkviliðið er að fá. En sá bíll og annar hraðskreiður tækjabíll sem liðið á skipta sköpum í starfsemi slökkviliðsins.

Nokkrar umræður sköpuðust í lok erindis Borgþórs og svaraði hann fyrirspurnum. Að lokum þakkaði fundarstjóri honum fyrir gott erindi.

5. Fjárfestingastefna EBÍ – ágóðahlutur – tillaga

Því næst gaf fundarstjóri Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra orðið.

Í upphafi máls síns fór hún yfir þá fjárfestingastefnu sem er í gildi. Hennar meginmarkmið er að EBÍ standi undir skilgreindum markmiðum um árlega útgreiðslu til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar. Þá er kveðið á um að lágmarka skuli líkur á að skerða höfuðstól milli ára. Í máli hennar kom fram að staða heildareignasafnsins mv. stefnuna er í góðu jafnvægi. Síðan fór hún yfir stefnumörkun síðasta aðalfundar varðandi ágóðahlutagreiðslurnar og benti á að félagið hefur greitt 9,0 milljarða á núvirði í ágóðahlut til aðildarsveitarfélaganna, án þess að eigið fé hafi minnkað að nokkru marki. Hún skýrði einnig frá því að á stjórnarfundum fyrr um morguninn hefði stjórn ákveðið að ágóðahlutur ársins 2023 yrði kr. 50 milljónir.

Í lok máls síns fór hún yfir meginatriði tillögu þeirrar sem liggur fyrir fundinum varðandi útgreiðslu ágóðahluta til sveitarfélaganna. Þar er gerð sú tillaga að áfram verði greiddur út ágóðahlutur til sveitarfélaganna.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu sem lá fyrir fundinum:

„Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn 6. október 2023 samþykkir að halda óbreyttu markmiði EBÍ að hluti hagnaðar af starfsemi félagsins skuli árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Aðalfundurinn felur stjórn félagsins að ákveða á hverju ári upphæð ágóðahlutagreiðslnanna. Til grundvallar ákvörðun stjórnarinnar skal ætíð taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ.“

Fundarstjóri gaf nú orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar því fundarstjóri tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

6. Tillaga um skipun starfshóps um endurskoðun samþykkt EBÍ.

Fundarstjóri skýrði frá því að stjórn EBÍ þætti tímabært, að undangenginni skoðun lögfræðings, að leggja fram tillögu um endurskoðun samþykkt EBÍ, sérstaklega í ljósi mikilla breytinga á sveitarstjórnarstiginu frá því lögin um EBÍ voru samþykkt.

Fundarstjóri lagði því fram eftirfarandi tillögu frá stjórn EBÍ:

Fulltrúaráð EBÍ felur stjórn félagsins að skipa starfshóp til að endurskoða samþykktir félagsins. Við endurskoðunina verði einkum horft til þess að gera tillögu um breytingu á IV. kafla samþykktanna um fulltrúaráð, stjórn og fundi, með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á sveitarstjórnarstigi á þeim nærri þrjátíu árum sem liðin eru frá stofnun félagsins með setningu laga nr. 68/1994.

Sérstaklega verði horft til þess í vinnu starfshópsins að leggja til breytingu á ákvæðum 13. gr. um tilnefningu sveitarfélaga og héraðsnefnda í fulltrúaráð.

Starfshópnum verði einnig falið að móta tillögur um mögulegar breytingar á samþykktunum sem heimili þátttöku á fundum félagsins með fjarfundabúnaði. Eftir því sem tilefni þykir til getur starfshópurinn lagt til frekari breytingar á samþykktunum sem stuðla að markmiðum félagsins og efla góða stjórnhætti, að höfðu samráði við stjórn og framkvæmdastjóra félagsins.

Miðað er við að starfshópurinn skili tillögum til stjórnar eigi síðar en í mars 2024 og skal stjórn boða til aukafundar fulltrúaráðs eftir að hún hefur yfirlit tillögurnar.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðuð laun stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu:

“Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn í Reykjavík 6. október 2023 samþykkir að laun stjórnar EBÍ verði kr. 90.300.- pr. mánuð.

Launin taki mið af launabreytingum samkvæmt kjarasamningi VR.

Laun endurskoðanda fari eftir reikningi“.

Tillagan var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri gat þess að ofangreind launafjárhæð er sú sama og er greidd stjórnarfólki í dag.

8. Kosin stjórn og varastjórn félagsins.

Margrét Friðriksdóttir formaður kjörnefndar fékk nú orðið.

Kjörnefnd leggur til að eftirtaldir verðir kjörnir aðalmenn í stjórn EBÍ:

Árman Kr. Ólafsson Kópavogi, Björg Ágústsdóttir Grundarfirði, Björn Ingimarsson Múlaþingi, Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð, Oddur Helgi Halldórsson Akureyri, Soffía Gísladóttir Norðurþingi og Stefán Jónasson Vestmannaeyjum.

Kjörnefnd lagði fram eftirfarandi tillögu um varastjórn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir Ísafjarðabæ, Freyr Antonsson Dalvíkurbyggð, Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð, Unnar Steinn Bjarndal Reykjanesbæ og Unnur Valborg Hilmarsdóttir Húnaþingi vestra.

Fundarstjóri bar upp tillöguna um stjórn og varastjórn og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kjör endurskoðanda EBÍ.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu varðandi kjör endurskoðanda EBÍ:

“ Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn í Reykjavík 6. október 2023 samþykkir að endurskoðandi félagsins verði endurskoðendafyrirtækið KPMG ehf.”

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Fundarstjóri vildi undir öðrum málum fá að þakka fyrir ánægjuleg samskipti innan stjórnar og sérstaklega vildi hann þakka framkvæmdastjóra félagsins Önnu Sigurðardóttur fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Þar sem aðrir kváðu sér ekki hljóðs gaf fundarstjóri Birni Ingimarssyni stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í störfum sínum fyrir Brunabótafélagið. Einnig þakkaði hann fráfarandi stjórnarfólki Ásu Helgadóttur, Guðmundi Baldvin Guðmundssyni, Margréti Friðriksdóttur og Silju Ástu Jóhannesardóttur fyrir ánægjulegt samstarf og óskaði þeim velfarnaðar í sínum störfum.

Að því búnu sleit hann fundi kl. 14.10.

Anna Sigurðardóttir skráði fundargerð.